

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, landbúnaðarráðherra, samstarfsaðilar, góðir gestir Starf og barátta verkalyðshreyfingarinnar hefur alla tíð snúist um að bæta hag launafólks. Oft felur þetta í sér að menn takast hart á til að vinna hagsmunum sínum brautargengi. Stundum eru þó aðrar leiðir færar og það er gleðilegt þegar aðilar sem stundum eiga í átökum geta snúið bökum saman til að vinna að sameiginlegum hagsmunum. Það felur í sér félagslegan þroska.

Við í verkalyðshreyfingunni höfum sett atvinnumál á oddinn á undanförunum misserum – ekki síst vegna þess alvarlega ástands sem ríkir á íslenskum vinnumarkaði. Við höfum því miður þurft að horfa upp á verulegt atvinnuleysi og í mínum huga er það óásættanlegt. Við megum aldrei gleyma því að á bak við tölur um atvinnuleysi er fólk – einstaklingar og fjölskyldur.

Það segir sig sjálft, að til þess að íslenskt launafólk hafi góða vinnu og njóti góðra kjara, þarf íslenskt atvinnulíf að blómstra. Þess vegna eigum við samleið með iðnrekendum og öðrum framleiðendum hvað það varðar að efla framleiðslu, svo íslensku fyrirtækin fari ekki hallloka í samkeppni við innfluttan iðnvarning.

Nú er það ekki svo að við eigum að þurfa að ganga með betlistaf á þessari göngu. Við þurfum ekki að skammast okkar fyrir það sem í boði er. Íslenskur iðnvarningur og íslenskar landbúnaðarafurðir eru í fremstu röð. Við getum því borið höfuðið hátt þegar við hvetjum neytendur til að velja íslenskar vörur fram yfir innfluttar. Í langflestum tilvikum getum við fullýrt að gæðin eru að minnsta kosti sambærileg og sama á við um verðið í mörgum tilvikum.

Við þurfum sannarlega að hlúa að nýsköpun og frumkvöðlastarfi, en við megum ekki vanrækja það sem við eigum og vel er gert. Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina, að besta leiðin til að efla atvinnu í landinu er að treysta þá starfsemi sem fyrir er.

Ein af leiðunum í því sambandi er sú sem við erum fara með þeirri sameiginlegu göngu sem við erum að hefja hér í dag – að hvetja fólk til að velja íslenskar vörur fram yfir innfluttar. Orð eru til alls fyrst og ef okkur tekst með upplýsingum og staðreyndum að höfða til skynsemi íslensku þjóðarinnar, þá náum við árangri. Það skilja það allir þegar málið snýst beint um lífsbjörgina sjálfa.

Okkar vinna felst í að sýna fram á það með skýrum og einföldum hætti að það er sterkt orsakasamband milli þess sem við kaupum, atvinnustigs og lífskjara. Ef okkur tekst það – og ég efast svosem ekkert um það - verður þessi ganga til góðs.